

Fundargerð fundar Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga, þann 8. desember 2015, kl 15.00. Haldinn í fjarfundi

Mætt voru Sigurður Hreinsson, formaður, Ásgeir Jónsson, Ingibjörg Benediktsdóttir, Karl Kristjánsson og Nanný Arna Guðmundsdóttir. Einnig sátu á fundinum Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdarstjóri FV og Lína Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri FV sem einnig ritaði fundargerð.

1. Fundargerð Samgöngunefndar frá því 1. júní 2015 lögð fram til staðfestingar. Fundargerð staðfest.
2. Staða vegaf framkvæmda á Vestfjörðum

a. Staða vegagerðar á Vestfjarðavegi 60. Lagður fram úrskurður Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun fyrir framkvæmd á Vestfjarðavegi (60) á milli Bjarkalundar og Skálaness í Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu. Úrskurðurinn var til formlegrar ákvörðunar í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin fellst á tillögu Vegagerðarinnar með sjö tilgreindum athugasemdum.

Samgöngunefnd fagnar því að úrskurður Skipulagsstofnunar sé komin fram og leggur ríka áherslu á að framkvæmdin verði komin í útboðsferli fyrir árslok 2016. Til að svo geti orðið vill nefndin ítreka að mikilvægt er að tryggt verði að næjanlegt fjármagn verði til staðar til að ljúka nauðsynlegum rannsóknum, svo frekari tafir verði ekki á hönnun og undirbúningi verkefnisins.

b. Starfshópur Vegagerðarinnar varðandi val á vegstæðum um Dynjandisheiði - Starfshópurinn á eftir að koma saman til lokafundar og afgreiða tillögu hönnuða um leiðaval. Er áætlað að starfshópurinn komi saman í janúar 2016.

Samgöngunefnd óskar eftir því að nýjir fulltrúar sveitarfélaga verði skipaðir í starfshópinn þar sem núverandi fulltrúar séu nú hætt afskiptum af sveitarstjórnarmálum. Nefndin gerir tillögu að Sigurður Hreinsson og Ásgeir Jónsson verði skipaðir í hópinn.

3. Samgönguáætlun 2015-2018.

Enn er beðið eftir að samgönguáætlun 2015-2018 verði lögð fram á Alþingi en ekki tókst að afgreiða hana á vorþingi 2015.

Samgöngunefnd lýsir yfir vonbrigðum sínum á því hve illa gengur að koma áætluninni fram og skorar á ríkisstjórn og Alþingi að vinna að málinu af alvöru. Samgönguáætlun er grundvallarskjal fyrir stefnumörkun samgangna í landinu. Ólíðandi er að þriðja árið í röð skuli málið ekki vera klárað frá Alþingi.

4. Mál frá Alþingi.

- a. **Pingskjal 585- mál 1.-** Kynnt nefndarálit meirihluta fyrir aðra umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2016 –
- b. *Fjárlagaliður 06-672 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Samgöngunefnd styður tillögu í nefndaráliti að aukið er við fjármagn til eflingar innanlandsflugs. Samgöngunefnd beinir þeirri tillögu fyrir þriðju umræðu fjárlaga 2016 að að fjármagni verði veitt af fjárlögum 2016 til rannsókna á nýju framtíðar flugvallarstæði fyrir Vestfirði.*

06-651 Vegagerðin 6-10 Framkvæmdir.

Samgöngunefnd fagnar því að auknu fjármagni verði nú veitt til samgöngumála í fjárlögum 2016 vegna vegagerðar utan stofnvegakerfis, en mótmælir harðlega því vinnulagi sem er viðhaft við úthlutun þess fjármagns í tillögu meirihluta fjárlaganefndar með útlistunum á einstaka framkvæmdum. Samgöngunefnd skorar á Alþingi að afgreiða Samgönguáætlun án tafar og nýta hana við forgangsröðun verkefna.

- c. **Pingskjal 305 mál 276.** - Hafnarmál– Lagt fram til kynningar.
- d. **Pingskjal 302 — 273. mál.** - Um mótun stefnu og framkvæmdaáætlunar um ferðamannaleiðir á Vestfjörðum. - Starfsmönnum FV falið að skrifa upp umsögn í samræmi við umræður á fundi og senda á fundarmenn.
- e. **Pingskjal 253 — 154. mál.** Vegir sem hafa verið felldir út af vegaskrá á Vestfjörðum – Lagt fram til kynningar.
- f. **Pingskjal 182 — 179. mál.** - Um skattaafslátt vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu. Starfsmönnum FV falið að skrifa umsögn um málið í samræmi við umræður á fundi og leggja fyrir samgöngunefnd.
- g. **Pingskjal 79 — 79. mál.** - Um millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðarflugvöll. Starfsmönnum FV falið að skrifa umsögn um málið í samræmi við umræður á fundi og leggja fyrir samgöngunefnd.

5. Ályktun frá 60. Fjórðungsþingi um samgöngumál. Formaður kynnti að það væri hlutverk nefndarinnar að koma áherslum þingsins á framfæri. Það hefði verið gert með því að senda ályktunina á ráðuneyti og Alþingi og með umsögn um samgönguáætlun. *Formaður gerði tillögu um að umræðum væri frestað þar til Samgönguáætlun kemur fram frá Alþingi.* Tillagan samþykkt

6. Hringtengin ljósleiðara á Vestfjörðum. Verkefnastjóri kynnti minnispunkta frá innanríkisráðuneyti um stöðu máls og að útboð á verkefni í Ísafjarðardjúpi á árinu 2016 hefði verið auglýst þann 5. desember s.l.. *Samgöngunefnd fagnar þessum áfanga og því að fjármagni til hans er tryggt í fjárlögum 2016. Vonbrigði væri hinsvegar að ekki væri gerði tillaga um að auka fjármagn til að efla lagningu ljósleiðara í dreifbýli.*

7. Almenningsamgöngur á Vestfjörðum- Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri kynntu tillögu að breytingum á almenningsamgöngum á Vestfjörðum og þróun þeirra til framtíðar.

Samgöngunefnd felur starfsmönnum að þróa skipulag almenningsgangna á Vestfjörðum miðað við umræður á fundinum. Samgöngunefnd samþykkir einnig að; Hætta tímundið akstri milli Ísafjarðar – Hólmavíkur fram á vor 2016. Hætta tímabundið akstri á milli Patreksfjarðar – Brjánslækjar fram á vor 2016.

8. Önnur mál - *Samgöngunefnd fagnar því að í meirihlutaálfiti fjárlaganefndar er gerð tillaga um að taka upp að nýju niðurgreiðslu olúgjalds vegna almenningsgangna. Sjá fjárlagalið 06-651- 1.11. styrkir til ferja og sérleyfishafa.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:43

Lína Björg Tryggvadóttir.